

## FJÓRÐA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. september 1983

um aðlögun að tækniframförum á VI. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(83/496/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 83/341/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi niðurstaðna nýjustu vísinda- og tæknirannsóknna er rétt að heimila notkun 4,4-dímetyl-1,3-oxasólídíns og 1,2-díbróm-2,4-dísýanóbútans sem rotvarnarefni í snyrtivörur, samanber þó ákveðin skilyrði.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 2. hluta VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE :

| „Tilvísunarnúmer | Efni                        | Leyfilegur hámarksstyrkur | Takmarkanir og kröfur  | Notkunarreglur og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann |
|------------------|-----------------------------|---------------------------|--|---|
| a                | b                           | c                         | d  | e   |
| 59               | 1,2-díbróm-2,4-dísýanóbútan | 0,1%                      | Má ekki nota í sólvarnavörur   |   |
| 60               | 4,4-dímetyl-1,3-oxasólídín  | 0,1%                      | Aðeins í efni sem skuluð eru burt eftir notkun<br>pH-gildi í fullunninni vöru skal ekki vera minna en 6 <sup>o</sup> |   |

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1984.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 188, 13. 7. 1983, bls. 15.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 1983.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karl-Heinz NARJES

*framkvæmdastjóri.*

---